

C4. Yfirlit helstu breytinga frá AR2001-2024

8. Borgartún-Skúlatún

Byggingarmagn á einstökum reitum hefur breyst.

9. Kirkjusandur – Strætólóð

Byggingarmagn er aukið og afmörkun landnotkunar breytist lítillega

10. Köllunarklettur

Svæði sem áður var hafnar- og athafnasvæði er breytt í miðsvæði. Byggingarmagn er aukið.

11. Blómavalsreitur.

Skilgreint sem þéttingarreitur. Aukið byggingarmagna. Óbreytt landnotkun

12. Miklabraut-Kringlumýrarbraut

Mislæg gatnamót felld út. Skilgreining stofnabrauta er í megin atriðum eins. Áfram gert ráð fyrir mögulegum stokkalausnum á Miklubraut, til að draga úr umhverfisáhrifum í aðliggjandi byggð

13. Kringlan

Byggingarmagn aukið og heimildir um landnotkun rýmri, m.a. gert ráð fyrir íbúðum.

14. Skeifan

Aukning byggingarmagns og rýmri heimildir um landnotkun, m.a. gert ráð fyrir íbúðum.

15. Súðarvogur-Vatnagarðar-Sæbraut

Hafnar- og athafnasvæði næst Sæbraut breytist í miðsvæði, M9

16. Dugguvogur-Súðarvogur

Svæði næst Sæbraut breytist í miðsvæði, M19. Hafnar- og athafnasvæði nær Elliðaárvogi breytast í íbúðarbyggð.

17. Mjódd

Aukið byggingarmagn, auknar heimildir um íbúðir.

18. Suðurfell

Opið svæði breytist í íbúðarbyggð.

19. Elliðaárvogur

Breytt afmörkun landnotkunar svæða og aukning byggingarmagns

20. Hólmsheiði

Athafnasvæði minnkað um 83 ha og byggingarmagn samsvarandi.

21. Keldur og Keldnaholt

Dregið úr byggingarmagni. Landnotkun óbreytt.

23. Geldinganes - Gufunes

Uppbyggingu í Gufunesi (blönduð byggð) og í Geldinganesi (hafnar- og athafnasvæði, blönduð byggð), felld út eða slegið á frest þar til að skipulagstímabili loknu

24. Álfsnes – norður

Nýtt iðnaðarsvæði skilgreint nyrst á Álfsnesi við Kollafjörð, fyrir hafnsækni iðnað.

25. Álfsnes-Sorpa

Tímasetning urðunar breytt og heimild um gasgerðarstöð næst núverandi urðunarsvæði.

26. Esjumelar

Athafnasvæði við Esjumela stækkuð.

27. Vesturlandsvegur

Gert ráð fyrir mislægum gatnamótum á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi til framtíðar.

28. Grundarhverfi

Lítilsháttar breytingar á afmörkun þéttbýlis við Grundarhverfi.

29. Græni trefillinn – afmörkun

Mörk græna trefilsins lagfærð á Kjalarnesi. Græni trefillinn stækkaður í Hólmsheiði í takt við breytta afmörkun athafnasvæðis

30. Landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi

Stefnuákvæðum um uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum er breytt lítillega og landnotkunarheimildir rýmkaðar.

31. Samgöngutenging um Elliðaárósa

Gert ráð fyrir tengibraut fyrir almenningssamgöngur og gangandi og hjólandi yfir Elliðaárósa, frá Suðurlandsbraut að Stórhöfða.

33. Suðurlandsvegur

Staðsetning og skilgreining gatnamóta breytist lítillega

34. Tengibraut um Reynisvatnsheiði

Lega tengibrautar um Reynisvatnsheiði og Hólmsheiði breytist lítillega.

35. Heildarskipulag opinna svæða – afmörkun einstakra svæða

Skýrari mörk opinna svæða eftir notkun, sbr. ákvæði nýrrar skipulagsreglugerðar. Skarpari skil milli byggðar og opinna svæða.

36. Skilgreiningar gatna og gatnamannvirkja

Eftirfarandi götur breytast úr stofnbraut í tengibraut:

1. Kalkofnsvegur-Lækjargata-Fríkirkjuvegur-Sóleyjargata
2. Snorrabraut
3. Hallsvegur frá Vesturlandsvegi að Sundbraut
4. Úlfarsfellsvegur (ofan framtíðarbyggðar)

Eftirfarandi götur verða ekki áfram skilgreindar sem tengibrautir:

1. Ægisgata
2. Hofsvallagata, norðan Hringbrautar
3. Túngata
4. Vonarstræti
5. Skothúsvegur

6. Suðurgata
7. Frakkastígur-Njarðargata
8. Bergþórugata
9. Flókagata
10. Langahlíð
11. Nótatún
12. Borgartún, austan Höfðatúns
13. Sundlaugarvegur
14. Reykjavegur
15. Laugarásvegur
16. Langholtsvegur
17. Holtsvegur
18. Álfheimar
19. Háaleitisbraut, sunnan Miklubrautar
20. Réttarholtsvegur

Eftirfarandi götur eða götuhlutar fá sérstaka skilgreiningu:

1. Mýrargata-Geirsgata verði stofnbrautir í þéttri borgarbyggð og verði hannaðar sem borgargötur (breiðgötur)
2. Hringbraut verði stofnbraut í þéttri borgarbyggð og verði hönnuð sem borgargata (breiðgata)
3. Hlíðarfótur að Öskjuhlíðargöngum verði stofnbraut í þéttri borgarbyggð og hönnuð sem borgargata (breiðgata)

Eftirfarandi mislæg gatnamót eru felld út:

1. Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut
2. Breiðholtsbraut-Selásbraut
3. Sæbraut-Sundabraut (sjá umfjöllun hér að neðan)
4. Sæbraut-Holtsvegur (sjá umfjöllun hér að neðan)
5. Sæbraut-Skeiðarvogur (sjá umfjöllun hér að neðan)

Gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi.

Tillögur um nýjar götur, breytta legu gatna og niðurfellingu gatna:

1. Breytt lega tengibrautar um Reynisvatnsheiði og Hólmsheiði
3. Nýjar tengingar fyrir vistvæna ferðamáta um Elliðaárvog og Fossvog (sjá kafla hér á eftir)
4. Nýjar götur í Vatnsmýri, eftir því sem flugvallarstarfsemi vísar og blönduð byggð byggist upp
5. Ósabraut sem tengibraut um Elliðaárós felld út. Innan hverfis gata milli hverfa í framtíðarbyggð í Elliðaárvoginum er ekki útilokuð.
6. Holtsgöng felld út (sjá staka breytingu á aðalskipulaginu)

37. Skilgreiningar einstakra landnotkunarsvæða

Ákvæði og markmið um einstök svæði er breytt í fjölmörgum tilvikum, m.a. varðandi sérákvæði um vínveitingastaði, matvöruverslanir, gististaði og spilasali.

38. Ítarlegri stefnumörkun í völdum málaflokkum

Sett er fram ítarlegri og meira bindandi stefna varðandi borgarvernd, hæðir húsa, staðsetningu matvöruverslana, endurhönnun gatna, bíla- og hjólastæða og almenn markmið um þróun vistvænna hverfa og gæði í manngerðu umhverfi.

C5. Samráð og vinnuferli

Vinnu- og samráðsferli 2006-2013

Á fundi skipulagsráðs þann 21. júní 2006, var samþykkt tillaga þáverandi meirihluta að hefja undirbúning að endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Í tillögunni sagði: „Skipulags- og byggingarsvið, undir stjórn skipulagsráðs, hefji strax undirbúning að endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Sérstakur stýrihópur, skipaður af skipulagsráði mun hafa yfirumsjón með verkinu.“ Skipulagsráð samþykkti síðan eftirtalda fulltrúa í stýrihópinn: „af hálfu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks þau Hanna Birna Kristjánsdóttir, Óskar Bergsson og Gísli Marteinn Baldursson, af hálfu Samfylkingarinnar; Dagur B. Eggertsson og af hálfu Vinstri Grænna; Svandís Svavarsdóttir.“ Hanna Birna Kristjánsdóttir var formaður stýrihópsins.

Undirbúningur vinnunnar hófst formlega haustið 2006. Stýrihópurinn fór ásamt embættismönnum í kynnisferð til borga á Norðurlöndunum, í febrúar 2007, til að kynna sér aðalskipulagsgerð og áherslur í skipulagi viðkomandi borga. Í kjölfar þess var verkáætlun endurskoðunar mótuð. Vorið 2007 var verkefnisáætlun endurskoðunar send á alla lykil samráðsaðila hjá borg og ríki og tilkynnt að endurskoðun væri formlega hafin. Matslýsing vegna umhverfismats aðalskipulagsins var lögð fram sumarið 2007 og kynnt Skipulagsstofnun.

Á næstu misserum var unnið að íbúaspá, greiningu helstu forsenda og mótun valkosta um byggðapróun til langrar framtíðar. Drög að almennri framtíðarsýn og helstu áherslum endurskoðunar voru til umræðu í stýrihópnum. Jafnhliða þessu var í undirbúningi upplýsingavefur um aðalskipulagsvinnuna og áætlun um samráð við íbúa og hagsmunaaðila. Við meirihlutaskipti í borgarstjórn í janúar 2008, varð hlé á starfi stýrihópsins. Áfram var þó unnið að grunnþáttum endurskoðunar, einkum varðandi umhverfismat valkosta um byggðapróun.

Þann 8. október 2008 voru samþykktar breytingar á stýrihópnum. Júlíus Vífill Ingvarsson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir tóku sæti í stýrihópnum fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson fyrir hönd Framsóknarflokksins. Dagur B. Eggertsson og Svandís Svavarsdóttir sátu áfram fyrir hönd sinna flokka. Júlíus Vífill varð formaður stýrihópsins. Síðar tóku sæti í stýrihópnum Sóley Tómasdóttir fyrir Vinstri Græna, Ásgeir Ásgeirsson fyrir Framsóknarflokkinn og Stefán Benediktsson fyrir Samfylkingu.

Veturinn 2008-2009 fundaði stýrihópurinn reglulega, fór yfir alla helstu málaflokka aðalskipulagsins og mótaði megin áherslur við gerð nýs aðalskipulags. Ákveðið var að fara í ítarlegt samráð við íbúa og hagsmunaaðila áður en formleg tillaga að nýju aðalskipulagi yrði lögð fram.

Haustið 2009 var vinnan loks kynnt opinberlega, megin markmið og áherslur endurskoðunar, ásamt áætlun um samráð við íbúa og hagsmunaaðila. Auglýst var sérstaklega eftir þátttöku borgarbúa og þeirra skipulagshugmyndum. Eftir var til opinna húsa í öllum 10 hverfum borgarinnar í október og nóvember 2009, auk þess sem sérstakur upplýsingavefur var opnaður. Opnu húsin voru vel sótt, en þar var lögð áhersla á þátttöku íbúa í vinnuhópum, auk þess sem megin áherslur